

FJÁRMÁLA EFTIRLITIÐ

Tilvísun: 2009030024

ÁKVÖRÐUN FJÁRMÁLAEFTIRLITSINS

um breytingu á ákvörðun Fjármálaeftirlitsins, dags. 17. mars 2009,

um ráðstöfun skuldbindinga

Straums – Burðaráss fjárfestingabanka hf., kt. 701086-1399, til Íslandsbanka hf., kt. 491008-0160, o.fl.

Samkvæmt heimild í 100. gr. a. í lögum nr. 161/2002 um fjármálfyrirtæki, sbr. 5. gr. laga nr. 125/2008 um heimild til fjárveitingar úr ríkissjóði vegna sérstakra aðstæðna á fjármálamarkaði o.fl., tekur Fjármálaeftirlitið eftirfarandi ákvörðun um ráðstöfun skuldbindinga Straums - Burðaráss fjárfestingabanka hf:

FORSENDUR:

Í ákvörðun Fjármálaeftirlitsins frá 17. mars. 2009 var tekið fram að ákvörðunin byggði á fyrirliggjandi upplýsingum og gögnum. Reyndist hún byggð á ófullnægjandi eða röngum upplýsingum um málsatvik, forsendur ákvörðunarinnar brygðust verulega eða Fjármálaeftirlitið teldi að önnur skipan mála væri nauðsynleg gæti Fjármálaeftirlitið gert hvers konar breytingar á ákvörðuninni, þ.m.t. fellt hana úr gildi í heild eða að hluta, eða frestað einstökum þáttum hennar. Fjármálaeftirlitið telur að ástæða sé til að taka upp fyrri ákvörðun að því marki sem hún snýr að framkvæmd yfirlæslu innlána og útgáfu skulda- og tryggingaskjala. Ekki hefur reynst mögulegt að ljúka útgáfu skulda- og tryggingarskjala á þeim tíma sem gert var ráð fyrir í fyrri ákvörðun vegna tæknilegra vandkvæða. Um er að ræða flókið verkefni sem er tímafrekara en ætlað var. Mikilvægt er að vel takist til og að eðlilegt samráð sé haft við hlutaðeigandi aðila. Af þeim sökum er nauðsynlegt að veita rýmri tímafrest til að ljúka yfirlæslu innlána og útgáfu skulda- og tryggingarskjala. Er því nú tekin eftirfarandi ákvörðun um breytingu á 5. tl. í ákvörðun Fjármálaeftirlitsins frá 17. mars sl.

ÁKVÖRÐUN:

Yfirlæsla innlána samkvæmt ofangreindu og útgáfa skulda- og tryggingarskjala skal fara fram eigi síðar en kl. 9.00 föstudaginn 3. apríl 2009.


Önnur ákvæði fyrri ákvörðunar í þessu máli eru óbreytt.

FJÁRMÁLAEFTIRLITIÐ

19. mars 2009



Gunnar Haraldsson
Formaður stjórnar



Ragnar Hafliðas Ólafsson
Forstjóri